

AUGLÝSING

um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður.

Í samræmi við 5. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, hefur mennta- og menningarmálaráðherra gefið út viðmið um æðri menntun og prófgráður sem birt eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari á íslensku og ensku.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 80/2007 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 16. maí 2011.

Katrín Jakobsdóttir.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi eru kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms- og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til viðmiða um lærdóm (*e. learning outcomes*) við námslok. Allir háskólar á Íslandi sem öðlast viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skulu fylgja þeim viðmiðum sem hér eru sett fram.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem háskólar skulu hafa við lýsingu á þekkingu, leikni og hæfni nemenda þegar þeir hafa lokið ólíkum prófgráðum. Einnig er fjallað um tengsl viðmiðanna við gæðaeftirlit með háskólastarfi.

1. Uppbygging æðri menntunar.

1.1 Háskólanám.

Hlutverk háskóla er skilgreint í lögum um háskóla nr. 63/2006, en þau lög taka til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu eða annars lokaprófs á háskólastigi. Hugtakið æðri menntun á við alla menntun á háskólastigi. Þar er átt við skóla sem teljast vera hefðbundnir háskólar, þar sem lögð er stund á kennslu og rannsóknir á mörgum fræðasviðum, og háskóla með afmarkaðra starfssvið eða kennslustofnanir án rannsóknaskyldu.

Þau viðmið um æðri menntun og prófgráður sem hér birtast eiga við um háskóla sem heyra undir

National Qualification Framework for higher education.

The National Qualification Framework for higher education in Iceland is a systematic description of the structure of qualifications and degrees at the higher education level and is specifically based on learning outcomes. All higher education institutions in Iceland, accredited by the Minister of Education, Science and Culture according to the Higher Education Act no. 63/2006, shall follow this framework.

This document contains a description of the framework that higher education institutions must comply with in their description of learning outcomes for the various qualifications. It also describes the connection of the framework with quality assurance system of higher education institutions.

1. Structure of Higher Education.

1.1 Higher Education.

The role of higher education institutions is defined in the Higher Education Act no. 63/2006, which applies to educational institutions that provide education leading to a degree or other qualifications at tertiary level. The term, higher education, applies to all education at tertiary level. It applies equally to traditional universities that carry out teaching and research in various scientific fields, as well as to specialized higher education institutions and to educational institutions without research obligations.

The National Qualification Framework presented here applies to higher education institutions under

mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í töflu 1 má sjá skipulag og uppbyggingu prófgráða í íslenskum háskólum.

the auspices of the Ministry of Education, Science and Culture. Table 1 shows the organisation and structure of qualifications and degrees awarded at higher education institutions in Iceland.

Tafla 1. Skipulag einstakra prófgráða.

ISCED		Námseiningar (ECTS)	Heildar- námseiningar (ECTS)
5	Þrep 1.1 Diplómapróf	30 – 120	30 – 120
6	Þrep 1.2 Bakkalárróf	180 – 240	180 – 240
7	Þrep 2.1 Viðbótarpróf á meistarastigi	30 – 120	210 – 360
	Þrep 2.2 Meistarapróf	90 – 120	270 – 360
8	Þrep 3 Doktorspróf	180 –	450 –

Table 1. Structure of qualifications and degrees.

ISCED		Credits (ECTS)	Total credits (ECTS)
5	Cycle 1.1 Diploma	30 – 120	30 – 120
6	Cycle 1.2 Bachelor's degree	180 – 240	180 – 240
7	Cycle 2.1 Qualification at master level	30 – 120	210 – 360
	Cycle 2.2 Master's degree	90 – 120	270 – 360
8	Cycle 3 Doctoral degree	180 –	450 –

Á fyrsta háskólaþrepi eru tvö stig, diplómapróf (1.1) og bakkalárróf (1.2).

Diplómapróf er skilgreint sem:

Lokapróf frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 30 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið.

Bakkalárróf er skilgreint sem:

Lokapróf frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 180 – 240 ECTS einingum af skipulagðri námsleið.

Á öðru háskólaþrepi eru tvö stig, þar sem fyrri stigið er lokapróf á meistarastigi (2.1) en seinna stigið er meistarapróf (2.2).

Viðbótarpróf á meistarastigi er skilgreint sem:

Viðbótarpróf frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 30 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 2. Undir viðbótarpróf á meistarastigi falla próf sem annaðhvort hafa ekki rannsóknarverkefni eða verkefnið innihalda færri en 30 ECTS einingar.

Dæmi um gráður og lokapróf á þessu stigi (2.1) eru:

MPA, MBA, diplómapróf á meistarastigi, kandidatspróf og fleira.

Meistarapróf er skilgreint sem:

Lokapróf frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið 90 – 120 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 2. Meistarapróf innihalda að minnsta kosti 30 ECTS eininga rannsóknarverkefni.

Dæmi um gráður á þessu stigi eru:

MS gráðurnar MS og MA skulu einvörðungu notaðar um lokapróf af þrepi 2.2, MA, Mag.Jur, ML og Cand.Psych.

Þriðja háskólaþrepið hefur eitt stig sem er doktorspróf (3).

Doktorspróf er skilgreint sem:

Lokapróf frá háskóla þar sem nemandi hefur lokið að minnsta kosti 180 ECTS einingum af skipulagðri námsleið á háskólaþrepi 3. Doktorspróf skal innihalda rannsóknarverkefni sem stenst alþjóðleg viðmið um doktorsverkefni.

The first higher education cycle includes two stages, Diploma (1.1) and Bachelor's degree (1.2).

Diploma is defined as:

Qualification obtained at a higher education institution where the holder has completed 30 – 120 ECTS credits of an organised study programme.

Bachelor's Degree is defined as:

Qualification obtained at a higher education institution where the holder has completed 180 – 240 ECTS credits of an organised study programme.

The second higher education cycle includes two stages, the first stage is a Qualification at Master level (2.1) and the second stage is a Master's degree (2.2).

Qualification at Master level is defined as:

Qualification obtained at a higher education institution where the holder has completed 30 – 120 ECTS credits of an organised study programme at the second cycle of higher education. Qualification at Master level includes qualifications which either do not include a research project, or the project is of less than 30 ECTS credits.

Examples of degrees and qualifications at this stage (2.1.) are:

MPA, MBA, Diploma at Master level, Candidatus degree, etc.

Master's Degree is defined as:

Qualification obtained at a higher education institution where the holder has completed 90 – 120 ECTS credits of an organised study programme at the second cycle of higher education. A Master's degree includes a research project of at least 30 ECTS credits.

Examples of qualifications at this stage (2.2) are:

MS MS and MA degrees shall only be used for qualifications at cycle 2.2, MA, Mag.Jur, ML and Cand.Psych.

The third higher education cycle has one stage, the Doctoral degree (3).

Doctoral degree is defined as:

Qualification from a higher education institution where the holder has completed at least 180 ECTS credits of an organised study programme at the third cycle of higher education. A Doctoral degree shall include a research project that fulfils international criteria for a Doctoral thesis.

1.2 Námsár og vinnuframlag.

Samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skal kennsla í háskólum fara fram í námskeiðum sem metin eru í **stöðluðum námseiningum** (ECTS). Á háskólastigi er notast við einingar sem eru byggðar á European Credit Transfer System. Að jafnaði svara 60 námseiningar til fulls náms á námsári og eiga þær að endurspegla alla námsvinnu nemenda.

Námsvinna nemenda felst í tímasókn, undirbúningi, verkefnavinnu og þátttöku í námsmati. Ein námseining ECTS felur að jafnaði í sér 25 – 30 klst. námsvinnu nemenda.

Einungis háskólar sem hlotið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra hafa leyfi til að nota ECTS einingar við námsmat.

Kennsla og námsmat skal endurspegla viðmið viðkomandi námskeiðs eða námsleiðar.

Námi á háskólastigi lýkur með **prófgráðu eða skilgreindu lokaprófi** sem veitt er þegar nemandi hefur tileinkað sér öll viðmið námsleiðar.

1.3 Inntökuskilyrði í háskóla.

Sú meginregla gildir að nemendur sem hefja nám í háskóla skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Háskólum er heimilt að taka inn nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Þó skal tryggt að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum erlendum háskólum á sambærilegu sviði. Í lögum um háskóla er jafnframt heimilað að setja sérstök inntökuskilyrði fyrir þá sem hefja nám í háskóla, t.d. með því að láta nemendur, sem uppfylla framangreind skilyrði, gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Nemendur sem hefja nám á öðru háskólaþrepi skulu hafa lokið bakkalárprófi eða sambærilegu þriggja ára háskólanámi. Gert er ráð fyrir að nemandi fari inn á námsleið sem byggir á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem hann hefur öðlast í námi á fyrsta háskólaþrepi.

Nemendur sem hefja doktorsnám skulu að jafnaði hafa lokið meistaraþrófi eða kandidatsprófi af stigi 4.2.2.

1.2 Study Year and Workload.

According to the Higher Education Act no. 63/2006, teaching in higher education institutions shall be organised in courses that are evaluated according to **standardized credits** (ECTS). The higher education level applies credits equivalent to the European Credit Transfer System. A full study programme shall normally consist of 60 credits per academic year and reflect all student workload during that time.

Student workload includes class attendance, preparation, project work and assessment. One ECTS credit normally consists of 25 – 30 hours student workload.

Only those higher education institutions that have been accredited by the Minister of Education, Science and Culture are allowed to use ECTS credits for study assessment.

Teaching and assessment should reflect the framework of the relevant course or study programme.

Higher education studies conclude with a **degree or other defined qualification**, which is granted when a student has achieved all learning outcomes of the relevant study programme.

1.3 Admission Requirements for Higher Education.

As a main rule, students enrolling in higher education institution must have completed matriculation examination or equivalent level of study. Higher education institutions can accept students who possess equivalent level of maturity and knowledge as assessed by the respective higher education institution. It must be ensured that higher education institutions' admission requirements and study standards correspond to those required in certified higher education institutions within similar fields in other countries. The Higher Education Act allows higher education institutions to set specific admission requirements for students enrolling in study at higher education level such as requiring students, who meet with the aforementioned demands, to pass an entrance examination or assessment.

Students enrolling in studies at second cycle shall have completed a Bachelor's degree or equivalent three-year study at higher education level. Students are expected to enrol in a study programme that is based on the learning outcomes they have acquired during studies at the first cycle of higher education.

Students enrolling in Doctoral studies are as a rule required to have completed Master's degree or Candidatus degree from cycle/stage 4.2.2.

Háskólar sem bjóða upp á doktorsnám samkvæmt viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra hafa uppfyllt reglur um doktorsnám nr. 37/2007, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

2. Uppbygging viðmiða um prófgráður.

Í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður er hverri prófgráðu á háskólastigi lýst fyrir sig, frá diplómaprófi til doktorsprófs.

Í viðmiðunum er *þekking, leikni og hæfni* á hverju stigi skilgreind.

Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða sem einstaklingur hefur tileinkað sér. Þekking er bæði fræðileg og hagnýt.

Leikni felur í sér færni til að beita þekkingu. Leikni getur falist í almennri leikni sem ekki er bundin ákveðinni fræðigrein eða starfsgrein og sérhæfðri leikni.

Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að nýta þekkingu og leikni við nám og starf.

2.1 Lýsingar á prófgráðum.

Hér á eftir fara viðmið sem eiga við skilgreindar prófgráður.

Diplóma Stig 1.1 30 – 120 ECTS

Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins.

Diplómapróf getur veitt aðgengi að bakkalárnámi, stigi 1.2. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu prófsins og ákveðna lágmarkseinkunn fyrir aðgang að námi á stigi 1.2.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- hafi öðlast innsæi inn í valdar kenningar og hugtök
- geri greinarmun milli fræðilegra skýringa og annars konar skýringa
- skilji og þekki stöðu fræðigreinar í víðara samhengi.

Higher education institutions that offer Doctoral studies according to an accreditation provided by the Minister of Education, Science and Culture have fulfilled the rules for Doctoral studies no. 37/2007, cf. paragraph 4, article 7, of the Higher Education Act no. 63/2006.

2. Structure of the National Qualifications Framework for higher education.

The National Qualifications Framework defines and describes studies and degrees at higher education level (Level 4), from Diploma to Doctoral degree.

The framework defines knowledge, skills and competences for each cycle/stage.

Knowledge is defined as collection of facts, concepts, theories and techniques acquired by the degree holder. Knowledge can both be theoretical and applied.

Skills entail the ability to apply knowledge. Skills can indicate general skills that are not limited to a certain scientific field or profession, as well as specific skills.

Competences entail the ability to apply knowledge and skills to work and study.

2.1 Degree Descriptors.

Following is the criteria defined for each degree

Diploma Cycle 1.1 30 – 120 ECTS

Admission requirements: matriculation examination or equivalent. Higher education institutions or individual faculties can make specific requirements regarding the combination and focus of the matriculation examination.

A **Diploma** can provide access to study programmes leading to Bachelor's degree, stage 1.2. Higher education institutions or individual faculties can set specific requirements regarding the composition of the qualification and for a minimum grade required for entering studies at cycle 1.2.

Knowledge:

Diploma holders possess knowledge of the relevant field or profession.

This entails that holders:

- have gained insight into selected theories and concepts
- are able to distinguish between scientific explanations and other explanations
- understand and know the state of the scientific field in a wider context.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- geti undirbúið, skipulagt og framkvæmt verkefni
- geti nýtt sér þá grundvallarfærni og tækni sem notuð er á viðkomandi sviði
- geti notað töluleg og grafísk gögn
- geti miðlað efni fræðigreinar eða starfsgreinar á skipulagðan og skiljanlegan hátt
- hafi tileinkað sér frumleika í hugsun
- geti lýst einföldum fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér hæfni til að geta tekist á við frekara nám
- sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- geti unnið með öðrum að verkefnum.

Bakkalár Stig 1.2 180 – 240 ECTS

Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Einstakir skólar eða deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins.

Bakkalárpróf veitir aðgengi að framhaldsnámi á stigum 2.1 og 2.2. Þó geta skólar eða deildir krafist ákveðinnar lágmarkseinkunnar fyrir aðgang að námi á stigum 2.1 og 2.2.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- hafi öðlast almennan skilning og innsæi í helstu kenningar og hugtök
- hafi vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði
- þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar.

Skills:

Diploma holders can apply the methods and procedures of the field or profession

This entails that holders:

- can prepare, organise and implement projects
- can apply the basic skills and technology relevant to the field
- can use statistical and graphical data
- can communicate issues related to the field or profession in an organised and comprehensible manner
- have developed an innovative way of thinking
- can describe simple scientific topics and research findings.

Competences:

Diploma holders can apply their knowledge and skills in a practical way in their profession and further studies

This entails that holders:

- have developed the learning skills necessary to embark on further studies
- show initiative and autonomy
- can cooperate with others in projects.

Bachelor's degree Cycle 1.2 180 – 240 ECTS

Admission requirements: matriculation examination or equivalent. Higher education institutions or individual faculties can make specific requirements regarding the combination and focus of the matriculation examination.

A **Bachelor's degree** provides access to further studies at cycles 2.1 and 2.2. Higher education institutions or individual faculties may require a minimum grade for admission to studies at cycles 2.1 and 2.2.

Knowledge:

Degree holders possess knowledge of the relevant field or profession.

This entails that holders:

- have acquired general understanding and insight into main theories and concepts
- are aware of the latest knowledge in the relevant field
- can apply the basic elements of information technology.

Skills:

Degree holders can apply the methods and procedures of the field or profession

Í því felst að nemandi:

- geti notað viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnað
- geti beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna
- geti rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni
- geti lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem nýttar eru
- greini hvenær þörf er á upplýsingum og hafi færni til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt
- geti nýtt sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á viðkomandi fræðasviði
- hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám innan fræðigreinar
- geti unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert starfsáætlun/verkáætlun og fylgt henni
- geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verk hópa
- sé fær um að túlka og kynna fræðileg atriði og rannsóknarniðurstöður.

Viðbótarpróf

á meistarastigi Stig 2.1 30 – 120 ECTS

Inntökuskilyrði eru bakkalárpróf af stigi 1.2, eða sambærilegt próf. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.

Skólar eða deildir geta sett frekari skilyrði fyrir aðgang að námi á stigi 3.

Prófgráður sem falla undir þessa skilgreiningu geta verið mismunandi að lengd og inntaki. Eiga því skilgreiningarnar sem koma fram í töflunni hér að neðan aðeins við ef um fullt tveggja ára nám á meistarastigi er að ræða. Nám til diplómagráðu eða annars lokaprófs fellur undir þessa skilgreiningu, en þarf ekki að uppfylla þær kröfur nema að hluta til og er taflan hér að neðan skipulögð með það í huga. Kandidatsgráður eru skilgreindar sem framhaldsgráða á meistarastigi.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan sérsviðs fræðigreinar eða starfsgreinar.

This entails that holders:

- can use the relevant equipment, technology and software
- can apply critical analytic methods
- can rationalise their decisions
- can evaluate critically the methods applied
- recognise when further data is needed and have the ability to retrieve it, assess its reliability and apply it in an appropriate manner
- can use reliable data- and information resources in the relevant scientific field
- have acquired an open-minded and innovative way of thinking.

Competences:

Degree holders can apply their knowledge and skills in a practical way in their profession and/or further studies

This entails that holders:

- have developed the competences and independence needed for further studies within the field
- can work in an independent and organised manner, set goals for their work, devise a work schedule and follow it
- can participate actively and lead work groups
- are capable of interpreting and presenting scientific issues and research findings.

Qualification

at Master level Cycle 2.1 30 – 120 ECTS

Admission requirements: Bachelor 's degree from cycle 1.2, or equivalent. First class grade is usually required.

Higher education institutions or faculties can define further admission requirements for studies at cycle 3.

These qualifications can vary in duration and content. Therefore, the definitions in the table below apply only when referring to full two-year studies at Master level. Diploma studies or other qualifications comply only partly with this definition and the table below is structured with that in mind. Candidatus degrees are defined as master level qualification.

Knowledge:

Degree holders possess knowledge within a defined field of the relevant profession.

Í því felst að nemandi:

- þekki og skilji fræðileg viðfangsefni og álitamál
- geti fært rök fyrir eigin úrlausnum
- geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á viðeigandi sérsviði
- þekki til rannsóknaraðferða á sínu fræðasviði
- hafi þekkingu á siðfræði vísinda.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi á sérsviði fræðigreina eða starfsgreina.

Í því felst að nemandi:

- hafi tileinkað sér viðeigandi vinnubrögð
- hafi kunnáttu til að greina tölulegar upplýsingar
- geti skilið og tekst á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi
- geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi
- hafi náð tökum viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnaði
- geti aflað, greint og metið vísindaleg gögn
- sýni frumleika í þróun og nýtingu hugmynda
- geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður eða í þverfaglegu samhengi
- hafi getu til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá tiltækum upplýsingum
- geti áttað sig á nýjungum sem byggðar eru á kenningum fræða og/eða tilraunum
- geti beitt aðferðum fræði- og/eða starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni
- sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að takast á við frekara nám
- geti átt frumkvæði að verkefnum innan fræðigreinar, stýrt þeim og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa

This entails that holders:

- possess knowledge and understanding of scientific subjects and challenges
- can provide arguments for their own solutions
- can place latest knowledge into context in the relevant field
- are familiar with research methods in their scientific field
- have knowledge of science ethics.

Skills:

Degree holders can apply methods and procedures of a defined scientific field or profession

This entails that holders:

- have adopted relevant methods and procedures
- are capable of analyzing statistical information
- can understand and tackle complex subjects in a professional context
- can apply their knowledge and understanding with a professional approach
- can use the relevant equipment, technology and software
- can collect, analyse and evaluate scientific data
- are innovative in developing and applying ideas
- can apply their knowledge, understanding and proficiency for resolution in new and unfamiliar situations or in an interdisciplinary context
- are capable of integrating knowledge, resolve complex issues and present an opinion based on the available information
- can recognise novelties which are based on scientific theories and/or experiments
- can apply the methods of the relevant scientific field and/or profession to present, develop and solve projects
- understand research and research findings.

Competences:

Degree holders can apply their knowledge and skills in a practical way in their profession and/or further studies

This entails that holders:

- have developed the necessary learning skills and independence for further studies
- can initiate and lead projects within the scientific field and be responsible for the work of individuals and groups

- geti greint frá fræðilegum upplýsingum, hugmyndum, vandamálum og úrlausnum í áheyrn sérfræðinga og almennings
- hafi hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum á erlendu tungumáli
- geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær
- geti metið hvenær mismunandi greiningaraðferðir og flókin fræðileg atriði eiga við
- geti miðlað tölulegum upplýsingum.

Meistarapróf Stig 2.2 90 – 120 ECTS

Inntökuskilyrði eru lokapróf af stigi 1.2 eða sambærilegt próf. Að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.

Skólar eða deildir geta sett frekari skilyrði fyrir aðgangi að námi á stigi 2.2.

Rannsóknatengt meistarapróf (MA/MSc) veitir aðgang að framhaldsnámi á þriðja þrepi. Skólar eða deildir geta krafist ákveðinnar lágmarks-einkunnar. Umfang rannsókna og/eða loka-verkefnis skal vera a.m.k. 30 ECTS eininga.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan sérsviðs fræðigreinar eða starfsgreinar.

Í því felst að nemandi:

- þekki fræðileg viðfangsefni og álitamál
- hafi aflað sér þekkingar með rannsóknum
- geti fært rök fyrir eigin úrlausnum
- geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á viðeigandi sérsviði
- þekki til rannsóknaraðferða á sínu fræðasviði
- hafi þekkingu á siðfræði vísinda.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi á sérsviði fræðigreina eða starfsgreina.

Í því felst að nemandi:

- hafi tileinkað sér viðeigandi vinnubrögð
- hafi kunnáttu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum
- geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi
- geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu eða við starfsgrein
- hafi náð tókum á viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnaði

- can communicate scientific information, challenges and findings to scholars as well as to general audience
- are capable of presenting and describing scientific issues and research findings in a foreign language
- can make decisions in an independent, professional manner and support them
- can decide which analytical methods and complex theories are applicable
- can communicate statistical information.

Master's Degree Cycle 2.2 90 – 120 ECTS

Admission requirements: Cycle 1.2 qualification or equivalent. First class grade is usually required.

Higher education institutions or individual faculties can define further admission requirements for studies at cycle 2.2.

Research-based Master's degrees (MA/MSc) provide access to third cycle studies. Higher education institutions or individual faculties may require a minimum grade. The scope of the research element and/or the final project shall cover at least 30 ECTS.

Knowledge:

Degree holders possess knowledge of a defined area of a scientific field or profession.

This entails that holders:

- possess knowledge of scientific subjects and challenges
- have acquired knowledge through research
- can provide arguments for their own findings
- can place the latest knowledge in context within the relevant specialised field
- are familiar with the research methods within their scientific field
- have knowledge of science ethics.

Skills:

Degree holders can apply methods and procedures of a defined area of a scientific field or profession

This entails that holders:

- have adopted relevant methods and procedures
- are capable of analyzing and imparting statistical information
- can understand and tackle complex subjects in a professional context
- can apply their knowledge and understanding in their scientific and professional work
- can use the relevant equipment, technology and software

- geti aflað, greint og metið vísindaleg gögn
- sýni frumleika í þróun og nýtingu hugmynda
- geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður eða í þverfaglegu samhengi sérsviðs fræðigreinar
- geti þróað verkefni og sett í samhengi með aðferðum byggðum á kenningum sérsviðs fræðigreinar og/eða tilrauna
- hafi getu til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá tiltækum upplýsingum
- geti beitt rannsóknaraðferðum með árangri og framkvæmt smærri rannsóknarverkefni
- sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á við frekara nám
- geti átt frumkvæði að verkefnum, stýrt þeim og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa
- geti greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, í áheyrn sérfræðinga og almennings
- hafi hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum á erlendu tungumáli
- geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær
- geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir og flókin fræðileg atriði eiga við
- geti miðlað tölulegum upplýsingum.

Doktorspróf Stig 3 180 – 240 ECTS

Inntökuskilyrði eru meistaraþróf af stigi 2.1 eða 2.2 eða sambærilegt próf. Skólar eða deildir geta krafist ákveðinnar lágmarkseinkunnar og sett sérstakar reglur um inntöku og hæfi nemenda.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir sérfræðiþekkingu innan fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- búi yfir yfirgripsmiklum og ítarlegum skilningi á helstu kenningum, grundvallaratriðum, hugtökum og nýjustu þekkingu sem völ er á

- can collect, analyse and evaluate scientific data
- are innovative in developing and applying ideas
- can apply their knowledge, understanding and proficiency in new and unfamiliar situations or in an interdisciplinary context
- can develop projects and place them in context by applying methods based on scientific theories and/or experiments
- are capable of integrating knowledge, resolve complex issues and present an opinion based on the available information
- can effectively apply research methods and implement small-scale research projects
- understand research and research findings.

Competences:

Degree holders can apply their knowledge and skills in their profession and/or further study

This entails that holders:

- have developed the necessary learning skills and independence for further studies
- can initiate and lead projects within the scientific field and be responsible for the work of individuals and groups
- can communicate complex scientific information, challenges and findings to scholars as well as to general audience
- are capable of presenting and describing scientific issues and research findings in a foreign language
- can make decisions in an independent, professional manner and defend them
- can evaluate the suitability of the different methods of analysis and complex scientific issues in each case
- can communicate statistical information.

Doctoral degree Cycle 3 180 – 240 ECTS

Admission requirements: Master's degree from cycles 2.1 or 2.2 or equivalent. Higher education institutions or individual faculties can demand a minimum grade and define specific requirements for admission and abilities of students.

Knowledge:

Degree holders possess specialised knowledge within a scientific field

This entails that holders:

- possess extensive and comprehensive understanding of main theories, principles, concepts and the latest findings available

- hafi haft frumkvæði að sköpun nýrrar þekkingar og túlkun hennar með rannsóknnum eða annarri viðurkenndri fræðimennsku sem stenst skoðun og rýni fræðimanna
- hafi lagt til mikilvægar nýjungar í formi nýrrar þekkingar, frumlegrar nýtingar eða túlkunar á þeirri þekkingu sem fyrir er
- sýni að hann hafi þekkingu á siðfræði vísinda og hafi tekið íhugaða afstöðu til eigin rannsókna og annarra út frá eigin siðviti.
- have initiated the generation of new knowledge and its interpretation with research or other acknowledged scholarly activities that measure up to peer reviews and critique
- have contributed important innovation in the form of new knowledge, innovative utilisation or interpretation of existing knowledge
- demonstrate their awareness of science ethics and that they have formed a considered opinion regarding their own research and that of others, based on their own ethical consciousness.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt sérhæfðum aðferðum og verklagi á sérsviði fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- geti skipulagt og framkvæmt viðamiklar rannsóknir sem útvíkka og/eða endurskilgreina gildandi aðferðafræði fræðigreinar
- geti kannað eða þróað verkefni sem taka á nýjum vandamálum og viðfangsefnum fræðigreinar
- hafi á hraðbergi grundvallarfærni, tækni, aðferðir, efni og heimildir sem tengjast viðkomandi fræðigrein
- geti beitt gagnrýnni greiningu, mati og samþættingu við ný og flókin verkefni
- geti hagnýtt almenn og sérhæfð tæki til rannsókna og rannsóknartækni
- geti notað hugbúnað til að styðja við og bæta starf í viðkomandi fræðigrein
- geti tiltekið sérhæfðan hugbúnað til endurbóta á aðferðum og vinnulagi
- geti metið tölulegar og myndrænar upplýsingar á gagnrýnninn hátt
- hafi beitt nýstárlegum rannsóknnum eða þróað vinnuaðferðir sem bæta við eða víkka út gildandi þekkingarsvið viðkomandi fræðigreinar
- sýni frumleika í þróun og hagnýtingu nýrrar þekkingar, skilnings og aðferða
- hafi tileinkað sér gagnrýna afstöðu til þekkingar
- hafi kynnt fræðiritgerð sem er birtingarhæf í ritrýndri útgáfu innanlands eða á alþjóðavettvangi.

Hæfni:

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Skills:

Degree holders can apply specialised methods and procedures of a specific area of a scientific field

This entails that holders:

- can conceptualise and implement extensive research that expand and/or redefine the existing methodology of the scientific field
- can explore or develop projects that tackle new challenges and subjects within the scientific field
- have full command over basic skills, technology, methods, material and sources connected to the relevant scientific field
- can apply critical analysis, evaluation and integration to new and complex projects
- can apply general and specialised research tools and research technology in a practical manner
- can use software to support and enhance work in the relevant scientific field
- can specify specialised software to improve methods and procedures
- can evaluate statistical and graphical information in a critical manner
- have carried out innovative research or developed methods that add to or widen the existing scope of knowledge in the relevant scientific field
- demonstrate creativity in developing and applying new knowledge, understanding and methods
- have adopted a critical stand towards knowledge
- have presented a scientific dissertation that is suitable for publication in a peer-reviewed publication at a national or international level.

Competences:

Degree holders can apply their knowledge and skills in their profession and/or further study

Í því felst að nemandi:

- geti tekið fulla ábyrgð á eigin verkefnum og á vinnu annarra
- geti sýnt sjálfstæði og frumkvæði í faglegri og fræðilegri vinnu
- geti á árangursríkan hátt sagt jafningjum, öðrum fræðimönnum og almenningi frá sérfræðisviði sínu
- geti tekið þátt í gagnrýnum samræðum, átt frumkvæði að og leitt fræðileg samskipti.

3. Framkvæmd.

3.1 Notkun.

Þeir háskólar sem fengið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skulu lýsa þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur á hverri námsleið fyrir sig eiga að ráða yfir við námslok. Háskólar skulu sýna með hvaða hætti markmiðum lýsingarinnar er náð með þeim námskeiðum eða námshluta sem námsleiðin samanstendur af.

Í viðaukum með prófskírteinum skulu háskólarnir tilgreina hvaða stigi og þrepi í viðmiðum um æðra nám og prófgráður á Íslandi viðkomandi námsleið tilheyrir.

3.2 Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

Í lögum um háskóla nr. 63/2006 er lögð áhersla á mikilvægi reglubundins eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna. Samkvæmt lögnum er markmið eftirlitsins meðal annars að tryggja að viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sé fylgt. Kveðið er á um útfærslu í reglum nr. 321/2009.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun hafa eftirlit með því að háskólar uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður. Leiði eftirlit og ytra mat til þeirrar niðurstöðu að viðmiðin séu ekki uppfyllt skal viðkomandi háskóla veittur hæfilegur frestur til úrbóta. Verði ekki úr bætt getur ráðherra fellt niður viðurkenningu háskóla til kennslu á viðkomandi fræðasviði eða að fullu.

This entails that holders:

- can assume full responsibility for their own projects and for the work of others
- can demonstrate independence and initiative in their professional and scientific work
- can effectively communicate to their peers, other scholars and the general public about their field of expertise
- can participate in critical debate, initiate and lead theoretical discourse.

3. Implementation.

3.1 Usage.

Higher education institutions that have been accredited by the Minister of Education, Science and Culture, shall describe learning outcomes for each qualification. Higher education institutions shall demonstrate how the objectives of the description are attained by the courses or parts of the study programmes that constitute each qualification.

Higher education institutions shall specify, in their Diploma Supplements, to which cycle and stage each qualification belongs to, according to National Qualification Framework for higher education in Iceland.

3.2 Quality Assurance of Teaching and Research.

The Higher Education Act no. 63/2006 emphasizes the importance of regular quality control of teaching and research activities. According to the Act, the objective of the quality control is to ensure that the requirements of the National Qualification Framework for higher education in Iceland are fulfilled. Rules no. 321/2009 give further insight into processes used.

The Ministry of Education, Science and Culture shall carry out inspection of the activities of higher education institutions to ensure that they comply with the National Qualification Framework for higher education in Iceland. Should the inspection and external evaluation lead to the conclusion that the framework is not complied with, the higher education institution in question shall be granted reasonable time for improvement. If amendments are not made the Ministry can abolish the accreditation of the higher education institution for teaching, in the relevant scientific field or in full.